

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	10.06.21
Málalykill	10.0
Mál nr.	2103138 .

Bæjarstjórn og Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Varðar mál nr. 1606329

Garðabæ 8. júní 2021

Betri Garðabær !.....ótrúlega óskammfeilið!

Heitasta ósk íbúa Hleinanna í Garðabæ er að straumhvörf verði á hugarfari og áhugaleysi stjórnar gagnvart okkur íbúum Hleina með margumræddri lokun aðalbrautar okkar til okkar heima.

Í uppvexti okkar aldraða fólksins var brýnt fyrir okkur að reyna að lifa í sátt við Guð og menn og gera ekkert á hlut minni máttar. Þessi mannlegi lífsmáti hefur vikið fyrir "nýmóðins hugsjón" að þóknast mammon með reisu en gefa skít í þann sem ekkert er upp úr að hafa.

Er ekki tímabært að bæjarstjóri og hans aðstoðarfólk fari að leita í hugskoti sínu hvort þar leynist eitthvað af áður glataðri samvisku? Já! við viljum hafa bein áhrif á okkar umhverfi og sameinumst um betri og mannvænni Garðabæ og gleymum ekki að sýna fuglum himins í verki að við séum ekki með hjarta úr blýi. Ég velti fyrir mér hvort sú sé raunin.

Með baráttukveðju
Gunnar H. Jónsson
Naustahleini 8
210 Garðabæ

Gunnar H. Jónsson